

MINJARÁÐ SUÐURNESJA

FUNDARGERÐ

Fundur fór fram í fundarsal bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 17. október 2018 kl. 10:00.

Mætt voru: Þór Hjaltalín (minjavörður), Helga Ragnarsdóttir, Sigrún Ásta Jónsdóttir og Eggert Sólberg Jónsson (sem ritaði fundargerð)

Minjavörður setti fund og tók fyrir eftirfarandi mál:

1. Hlutverk minjaráða

Rætt um hlutverk minjaráða og með hvaða hætti ráðið eigi að koma að stórum málum sem upp kunna að koma, t.d. í fjölmiðlum. Fundarmenn eru sammála um að stærri mál eigi að taka fyrir í ráðinu og að ráðið hafi heimild til þess að álykta kjósi það að gera svo og birtir niðurstöður sínar /ályktanir í fundargerð sem sett er á internetið. Minjaráð getur jafnframt tekið að sér að halda opna fræðslufundi um stöðu mála í samvinnu við Minjastofnun.

Minjavörður sagði mikilvægt fyrir Minjastofnun að hafa aðgang að því tengslaneti sem felst í minjaráðunum um allt land.

Samþykkt að minjaráð skoði aðalskipulög sveitarfélaganna nú þegar þau verða tekin upp í kjölfar sveitastjórnakosninga. Þar væri með markvissum hætti hægt að hafa áhrif á langtímastefnu sveitarfélaga í málefnum hús- og minjaverndar.

Minjaráð mun að jafnaði funda tvisvar sinnum á ári auk vettvangsheimsóknar að fundum loknum.

2. Landáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Tveir staðir á Suðurnesjum eru á tillögulista fyrir landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, þ.e. Krýsuvík (sem tilheyrir Hafnarfirði) og uppgröftur í Höfnum (Reykjanesbær). Rætt um aðra staði sem mögulega eiga erindi á listann. Minjavörður mun safna tillögum og koma á framfæri.

3. Stefnumótun fyrir minjavernd

Minjastofnun leiðir vinnu við stefnumótun í minjavörslu á landsvísu. Sú vinna mun líklega koma inn á borð minjaráðanna á einhverjum tímapunkti. Minjavörður mun halda ráðinu upplýstu um gang mála.

4. Vettvangsheimsókn í Norðurkot á Vatnsleysuströnd

Ráðið heimsótti Norðurkot á Vatnsleysuströnd sem Minjafélag Sveitarfélagsins Voga hefur gert upp á undanförunum árum. Farið yfir ýmis verkefni sem leysa þarf úr á næstunni, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna á svæðinu.